

Skóla-akur kemur næst út
á nýju skólaári í haust.
Takk fyrir veturinn.

Skóla-akur



Vefrit um skólamálf 10. tbl. 10. árg. 9. maí 2016

Myndir augnabliksins eru frá
útskriftarferð Tröllahóps á
Tröllaborgum til Hríseyjar.



Skólanefnd veitir viðurkenningar.

Frá árinu 2010 hefur skólanefnd Akureyrarbæjar veitt viðurkenningar nemendum og starfsfólki leik- og grunnskóla, sem skarað hafa fram úr í skólastarfi. Viðurkenningar fyrir skólaárið 2015 - 2016 voru afhentar við hátíðlega athöfn í Hofi, miðvikudaginn 1. júní síðastliðinn. Fræðslustjóri, Soffía Vagnsdóttir, bauð gesti velkomna og formaður skólanefndar, Logi Már Einarsson, afhenti viðurkenningar. Í upphafi spilaði Mahaut Ingiríður Matharel, nemandi Tónlistarskólans á Akureyri, á Hörpu.

Að dagskrá lokinni var boðið upp á veitingar og þá gafst jafnframt gott tækifæri til að spjalla og gleðjast saman.

Þeir nemendur sem hlutu viðurkenningar eru:

Áslaug Helga Alfreðsdóttir, nemandi í Glerárskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir að vera duglegur og þrautseigur nemandi með skýra framtíðarsýn

Hafþór Orrí Finnsson, nemandi í Giljaskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir dugnað, eljusemi og seiglu í námi.

Katrín Karítas Viðarsdóttir, nemandi í Naustaskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir að vera góð fyrirmynd og skipulagður námsmaður

Kári Hólmgrímsson, nemandi í Brekkuskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur og sem jákvæð fyrirmynd.

Kristófer Natan Sævarsson Tulinius, nemandi í Hlíðarskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir miklar félagslegar framfarir.

Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, nemandi í Síðuskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir miklar framfarir og dugnað í námi.

Steinar Bragi Laxdal, nemandi í Oddeyrarskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir miklar framfarir í námi.

Steinunn Petra Guðmundsdóttir, nemandi í Lundarskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir samskiptahæfni og jákvæðni

Starfsfólk:

Jóhanna Freydis Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Ásta Einarsdóttir, kennarar í Oddeyrarskóla hljóta viðurkenningu fyrir framúrskarandi starfshætti í anda skóla án aðgreiningar.

Sigríður Víkingsdóttir, kennari í Glerárskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir nýjar aðferðir í námsmati og kennsluháttum.

Sigurlína Jónsdóttir, kennari í Brekkuskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir frumkvæði, fagmennsku og nýsköpun í námsefnisgerð.

Starfsmenn sérdeildar Giljaskóla. Hljóta viðurkenningu fyrir framúrskarandi skólastarf, kraft og starfsgleði.

Sigurbjörg F. Héðinsdóttir, kennari í Naustatjörn. Hlýtur viðurkenningu fyrir að vera framúrskarandi kennari sem leggur hug og hjarta í starf sitt.

Öllum þessum góða hópi, nemendum, starfsfólki og foreldrum/forráðamönnum óskum við til hamingju með vel unnin störf, skólaárið 2015 - 2016

Nýr skólastjóri Naustaskóla.

Ráðið hefur verið í stöðu skólastjóra við Naustaskóla. Fræðslustjóri gerði að tillögu sinni að Bryndís Björnsdóttir, starfandi deildarstjóri við Naustaskóla, yrði ráðin sem skólastjóri og var tillagan borin upp við skólanefnd sem samþykkti valið. Bryndís var valin úr hæfum hópi umsækjenda en alls bárust fimm umsóknir um stöðuna. Við mat á hæfni umsækjenda var skráðu ráðningarferli fylgt. Tekin voru viðtöl við þrjá umsækjendur, leitað umsagna ásamt því að formlegt og ítarlegt mat fór fram. Formaður skólanefndar sat viðtölin.

Bryndís Björnsdóttir er menntaður þroskaþjálfari, með BA. -próf í sérkennslufræðum og M.Ed. -próf í menntunarfræðum. Bryndís hefur langa starfsreynslu, bæði sem kennari og stjórnandi og hefur starfað sem deildarstjóri og staðgengill skólastjóra í Naustaskóla frá stofnun hans. Bryndís mun formlega taka við starfi skólastjóra Naustaskóla 1. ágúst næstkomandi.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.